

SAMÞYKKTIR fyrir SKELJUNG HF.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur.

1. gr.

Heiti félagsins er Skeljungur hf.

2. gr.

Heimili félagsins er að Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er verslun með bensín, olíur og annan skyldan varning, svo og hverskonar viðskipti með aðrar vörur, bæði í smásölu og heildsölu. Ennfremur lánastarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

II. KAFLI

Hlutfé félagsins.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 2.152.031.847,- (tveir milljarðar eitthundrað fimmtíu og tvær milljónir þrjátíu og eittþúsund áttahundrað fjórtíu og sjö krónur). Hlutfé skiptist í hluti, er hver nemi 1 kr. að nafnvirði. Þó skal heimil útgáfa hlutabréfa, er greini aðrar fjárhæðir, ef ástæða þykir til.

Samþykki hluthafafundar þarf til hækkunar eða lækkunar hlutfjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Verði hlutfé hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta samkvæmt þeim reglum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni. Sama atkvæðamagn þarf til að víkja frá forgangsrétti hluthafa og þarf til að samþykkja hlutfjár aukningu.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins með áskrift nýrra hluta um allt að kr. 28.658.100,- (tuttugu og átta milljónir sexhundrað fimmtíu og átta þúsund og eitthundrað krónur) að nafnvirði, en þó þannig að hlutfé verði ekki hækkað um meira

me

en 3% m.v. nafnvirði, til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum Skeljungs hf. og dótturfélaga þess vegna kaupréttar-, kaup- og/eða áskriftarsamninga við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu Skeljungs. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum að aukningarhlutum vegna hækkunar samkvæmt heimild þessari. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjánhækkunarinnar og gilda samþykktir félagsins um þá. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu nýju hlutirnir vera í sama flokki og veita sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Um innlausnarskyldu fer skv. 2. mgr. 10. gr. samþykkt þessara. Heimildin fellur niður þann 1. september 2019, að því leyti sem hún er þá ónýtt.

5. gr.

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu fær hann útgefið rafbréf í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því. Veitir slíkt rafbréf honum full réttindi, sem lög og samþykktir mæla fyrir um.

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Félagsstjórn skal halda hlutaskrá, sem skal aðgengileg öllum hluthöfum á skrifstofu félagsins. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár.

7. gr.

Hlutaskráin er gagnvart félaginu fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í því og skal arður, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem hverju sinni er skráður eigandi viðkomandi hluta. Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins.

8. gr.

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé að því hámarki er lög leyfa. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Gætt skal að ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, um eigin hluti og kaup á eigin hlutum.

9. gr.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréf í félaginu.

Eignaskráning í verðbréfamiðstöð skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum.

10. gr.

Sérhver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt.

Um innlausnarrétt fer eftir ákvæðum laga 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlutafjareign sína í því. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með ályktunum hluthafafundar.

11. gr.

Ákveði aðalfundur félagsins að arður skuli greiddur af hlutabréfum, er stjórn félagsins rétt og skylt að greiða arðinn skráðum eiganda hlutabréfa, en ekki öðrum, nema handhafar sanni eignarheimild sína að bréfunum eða umboð sitt til móttöku arðsins.

III. KAFLI**Stjórnun.****12. gr.**

Með stjórn félagsins fara þessir aðilar:

- 1) Hluthafafundur.
- 2) Stjórn félagsins.
- 3) Forstjóri.

Hluthafafundur.**13. gr.**

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

ml

Til aðalfundar eða hluthafafundar skal boða með minnst 21 dags fyrirvara. Um fundarboðun, réttindi og aðgengi hluthafa að gögnum fyrir hluthafa- eða aðalfundi, s.s. fundarboð, atkvæðamagn, skjöl og ályktanir sem lagðar verða fyrir fund, fer eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef rétt er staðið að boðun hans. Hið sama gildir um aðalfund.

14. gr.

Stjórn félagsins skal kveðja til hluthafafundar, þegar hún telur þess þörf, svo og samkv. fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega, og fylgi greinargerð um ástæður þess, að þeir krefjast fundarins.

Slíkir fundir skulu boðaðir á sama hátt og aðrir hluthafafundir. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því er henni barst krafan.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið fyrir til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

15. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fundinn skal halda á þeim stað, er stjórnin ákveður hverju sinni.

16. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til afgreiðslu:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, skal lagður fram til samþykktar.
- 3) Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 4) Tekin ákvörðun um þóknun stjórnarmanna, skoðunarmanna og nefndarmanna.
- 5) Kosin tilnefningarnefnd
- 6) Kosin stjórn félagsins samkv. 23. gr.
- 7) Kosinn endurskoðandi eða endurskoðunarfirma
- 8) Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- 9) Önnur mál, sem löglega kunna að vera lögð fyrir fundinn, eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

17. gr.

Formaður félagsstjórnar eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundi og hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Í upphafi fundar skal fundarstjóri athuga, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað og hvort fundurinn sé lögmætur að öðru leyti og lýsa því yfir hvort svo sé. Umræður, atkvæðagreiðslur og önnur framkvæmd fundarins skal fara eftir því, sem fundarstjóri ákveður. Halda skal sérstaka gerðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og stuttar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara. Slík fundargerð skal skoðast sem lögfull sönnun þess, sem gerst hafi á fundinum.

18. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverjum 1,- króna hlut.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum allra mála, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum félagsins eða landslögum.

Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði, með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir félagið, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til eftirtalins:

- a) Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé umfram upphaflegar skuldbindingar sínar.
- b) Að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að nokkru eða öllu leyti, nema félaginu sé slitið eða hlutaféð fært löglega niður.
- c) Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum umfram það, sem samþykktir þessar ákveða.
- d) Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
- e) Að breyta ákvæðum samþykktu þessara um atkvæðisrétt, um forréttindi, ef forgangshlutabréf skyldu verða gefin út um hlutdeild manna í félaginu eða um jafnrétti þeirra sín á milli.

19. gr.

Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundum.

20. gr.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málssókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málssókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra, ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

ml

21. gr.

Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til að sækja fundi fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín, sbr. 14. gr. Rétt til setu á hluthafafundum hafa ella einungis hluthafar, stjórn, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki séu hluthafar. Þó getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn félagsins.**22. gr.**

Aðalfundur hluthafa kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum. Hluthafafundur getur einnig kosið stjórnarmenn/-mann, hafi stjórnarmaður/-menn látist[, verið vikið] eða [hafi] sagt af sér störfum. Hlutfall hvors kyns innan stjórnar skal ekki vera lægra en 40%.

[Tryggt skal við stjórnarkjör að hlutfall hvors kyns innan stjórnar verði ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs á hluthafafundi með þeim hætti að skilyrði um kynjahlutföll eru ekki uppfyllt skal vikið frá atkvæðamagni og skal stjórn teljast rétt kjörin eins og hér segir: Fyrstu fjögur sætin í stjórn félagsins skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fengu flest og næstflest atkvæði af hvoru kyni í stjórnarkjörinu. Fimmta sætið í stjórn félagsins skal skipa sá einstaklingur, karl eða kona, sem flest atkvæði fékk í stjórnarkjörinu af öðrum frambjóðendum. Sé ekki í framboði nægur fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni til þess að uppfyllt verði skilyrði um kynjahlutföll í stjórn skal starfandi stjórn boða til nýs hluthafafundar, sem haldinn skal 4-5 vikum eftir fyrri fundinn, þar sem stjórnarkjör skal vera á dagskrá. Boða skal til frekari framhaldsfunda með sama hætti svo oft sem þörf krefur til þess að ná tilskildum fjölda framboða og kjöri einstaklinga af hvoru kyni, en starfandi stjórn skal sitja áfram fram að því.]

[]

[Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef í framboði eru fleiri einstaklingar en kjósa skal. Einungis skal kosið á milli þeirra einstaklinga sem eru í framboði og skulu atkvæði sem greidd eru öðrum einstaklingum teljast með auðum atkvæðum.]

23. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim.

ml

Stjórnarfund skal jafnan halda, ef einhver úr stjórn félagsins eða forstjóri krefst þess. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögsmætum fyrirsmælum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Halda skal gerðabók um það, sem gerist á stjórnarfundum, og skal hún undirrituð af þeim sem fundinn sitja.

Heimilt er að halda stjórnarfundum í gegnum síma eða með fjarfundarbúnaði. Jafnframt er heimilt að taka ákvarðanir á milli funda í tölvupósti, ef nauðsyn krefur. Ákvarðanir sem eru teknar þannig, skulu þó staðfestar á næsta stjórnarfundum, þar sem stjórnin kemur saman.

24. gr.

Félagsstjórnin hefir æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Félagsstjórnin fer með og ber ábyrgð á málefnum félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Félagsstjórnin annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Félagsstjórnin ræður forstjóra að félaginu, setur honum erindisbréf eða gerir við hann ráðningarsamning og veitir honum lausn.

Félagsstjórnin ein getur veitt prókúruumboð.

Félagsstjórnin hefur heimild til að skuldbinda félagið og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg.

Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

Forstjóri.

25. gr.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins samkvæmt samþykktum félagsins og þeirri megin stefnu, sem ákveðin hefir verið af hluthafafundum eða félagsstjórn. Tekur þetta þó ekki til þeirra mála, sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar. Slík mál getur forstjóri því aðeins afgreitt, að hann hafi til þess heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tilkynnt um afgreiðslu málsins, svo fljótt sem kostur er.

Forstjóri er í störfum sínum ábyrgur gagnvart félagsstjórninni. Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefir þar umræðu- og tillögurétt.

Forstjóri hefur heimild til að selja og kaupa fasteignir fyrir félagið fyrir allt að kr. 25.000.000,- í hverju einstöku tilviki, án sérstaks samþykkis frá stjórn.

IV. KAFLI

Reikningshald, endurskoðun o.fl.

26. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund ár hvert og hann þá afhentur endurskoðendum tilendurskoðunar.

27. gr.

Á aðalfundi skal kjósa félaginu endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Um hæfi endurskoðenda fer að lögum.

28. gr.

Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur endurskoða ársreikninga félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Að öðru leyti fer um störf þeirra að lögum.

29. gr.

Ársreikningur skal sýna skilmerkilega og rækilega tekjur og gjöld fyrirtækisins, eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

30. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundi félagsins, nema ákvæði laga heimili annað. Samþykktum félagsins verður þó eigi breytt nema með samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða sem og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum.

me

Ákvæðum samþykktá þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti sín á milli verður þó ekki breytt nema samkvæmt ákvæðum 94. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

V. KAFLI

Slit á félaginu o.fl.

31. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og skal þá ákvörðun um félagsslit tekin á hluthafafundi af hluthöfum, með sama atkvæðamagni og þarf til breytinga á samþykktum þessum. Hið sama á við hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda, sbr. XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Önnur ákvæði.

32. gr.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið eða málum félagsins skuli skipað, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 144/1994 um ársreikninga, að því marki sem við á.

Samþykkt á hluthafafundi hjá Skeljungu hf. þann 27. maí 2019

Már Erlingsson

[VIÐAUKI VIÐ SAMPYKKTIR SKELJUNGS HF.]**Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti,
samþykkt á hluthafafundi þann 27. maí 2019**

Hluthafafundur Skeljungs hf., haldinn þann 27. maí 2019, heimilar stjórn félagsins, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, að kaupa í eitt skipti eða oftar, fram að næsta aðalfundi, hlutabréf í félaginu, á kaupverði sem má þó ekki fara yfir kr. 550.000.000,- að markaðsvirði, með þeim fyrirvara að það ásamt dótturfélögum þess megi einungis eiga mest 10% hlutafjár þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.]